

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – fundur 11. febrúar 2009, kl 12:05.

Mætt: Elliði Vignisson, Ólafur Elísson, Íris Róbertsdóttir, Hafsteinn Gunnarsson, Gunnar Friðfinnsson, Hjalti Pálsson, Magnús Sigurðsson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Áheyrnarfulltrúi foreldra, Hafsteinn Gunnarsson, boðinn velkominn á sinn fyrsta fund.

- 1. Skólastarfið:** Vorönn hefur farið vel af stað og óvenju mikil aðsókn er að skólanum. Unnið hefur verið að nýjum inntökureglum sem byggja á einkunn úr grunnskóla, í samráði við kennara og stjórnendur Grunnskóla Ve. Lögð var fram áætlun um þá vinnu sem fyrirhuguð er á árinu 2009, við innleiðingu breytinga vegna nýrra framhaldsskólalaga. Áætlunin hefur verið kynnt kennurum og fljótlega kemur í ljós hversu mikið fjármagn fæst til verksins. Fulltrúi frá Lýðheilsustofnun heimsótti skólann og var hann nokkuð ánægður með það sem við erum að gera. Stærsta forvarnarmálið sem við erum að glíma við, eins og fleiri framhaldsskólar, er of mikil áfengisnotkun nemenda. Í umræðum komu upp atriði eins og útivistartími, hvort fá ætti foreldra til eftirlits á samkomum og hvort ekki væri rétt að samhæfa krafta allra sem vinna með unglina í bæjarfélaginu.
Það helsta framundan: Unnið er að skipulagi sérkennslu næsta vetur, því von er á tveimur nemendum með verulegar þroskaskerðingar, en það kallar á fleira starfsfólk. Þrír nemendur koma svo væntanlega í sérdeild til viðbótar haustið 2010. Verkfundur skóla-meistara og ráðuneytismanna verður 27. febrúar, þar sem farið verður yfir helstu verkefni og lykilstærðir næsta skólaárs og skólasamningur framlengdur.
- 2. Fjárhagur og rekstur:** Niðurstaða rekstrar fyrir árið 2008 verður 7,1 milljón í mínus. Nemendauppgjör skilaði 6 millj. þannig að með launabótum ársins og orlofi var framlag ríkisins 196,5 milljónir, sértekjur urðu 4,4 millj, sem gerir 200,9 millj. í rekstrarfé, á móti reksrarkostnaði uppá 208 millj. Þetta kemur fram í því að inneign skólans hjá ríkisféhirði lækkaði úr 26,3 millj. í 19,2 milljónir. **Rekstraráætlun** 2009 lögð fram, hún tekur mið af fjárlögum ársins 2009, sem augljóslega eru að skammta okkur of lítið miðað við fjölda nemenda í skólanum. Í því ljósi er þessi rekstraráætlun óraunhæf, sem sést vel á samanburði við síðasta ár. Í fjárlögum nú eru okkur ætlaðar 171,7 milljónir og gert ráð fyrir tekjum uppá 6,9 millj. samtals 178,8 milljónir sem er tæplega 30 milljónum minna en reksturinn kostaði á árinu 2008 ! Til þess að þessi rekstraráætlun stæðist þyrftum við að skera mikið niður og afla mun meiri tekna en á fyrra ári. Talsverð umræða var um leiðir til að spara og skera niður, en ljóst er að það verður mjög snúið og líkur eru á hallarekstri.
- 3. Önnur mál:** Spurt var um íþróttakademíu. Lítið er að fréttastofna henni, en ítrekað var að frumkvæðið í þessu máli þarf að koma frá íþróttahreyfingunni.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 13:45

Ólafur H. Sigurjónsson